

Háafell ehf.
Hnífsdalsbryggju
410 Hnífsdalur

Skoðunarskýrsla

Fiskeldi #40421



Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1171	Hnífsdalsbryggju	Ingibjörg Kristjánsdóttir Gæðastjóri			
Háafell ehf.Ísafjarðardjúp	410 Hnífsdalur	Jón Egill Guðmundsson Svæðisstjóri			
Tílefni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	27.6.2025	30.6.2025	10,5	0	0

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Niðurstaða eftirlits

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Magnús Ingi Jónsson og Nancy Rut Helgadóttir fóru í reglubundið eftirlit hjá Háafelli þann 27. júní 2025.

Sígt var með áhöfn út á eldissvæðið Skarðshlíð í Skötufirði og fylgdust eftirlitsmenn þar með daglegum störfum eldismanna á eldissvæðinu þann daginn. Meðal daglegra starfa eldismanna var að tæma dauðfisk úr eldiskvíum, handháfa sveimara og handfóðrun.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í samræmi við 13. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 **er þér veittur 14 daga frestur** frá dagsetningu þessarar **skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Andmæli berist skriflega** sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á **mast@mast.is**.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 590/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Starfsstöð

Háafell ehf.Ísafjarðardjúp
Hnífsdalsbryggju
410 Hnífsdalur
Staða: Í gildi
Kennitala: 5201993149

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi - 1 3

Tengiliðir

Ingibjörg Kristjánsdóttir	8464104	ingibjorgk@frosti.is	Gæðastjóri
Gauti Geirsson	8441718	gauti@frosti.is	Framkvæmdastjóri

Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.1 Rekstrarleyfi	2.1.3 Stöðvarskírteini sjókvíaeldisstöðva	4.1.1 Bátar og flutningstæki
4.1.2 Dauðfiskur	4.1.3 Eldisbúnaður	4.1.5 Eldissvæði
4.1.7 Merkingar sjókvíaeldisstöðva	4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks	4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk
5.1.4 Viðbragðsáætlanir (rekstrarleyfi>20.tonn)	5.1.5 Innra eftirlit (rekstarleyfi>20.tonn)	

Magnús Ingi Jónsson
mast@mast.is
Sérfræðingur

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmunum þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíaelði standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.

Athugasemdir geta fengið þrenns konar vægi skv. eftirfarandi:

LS = Lagfært á staðnum:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvíkið það lítilfjórlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun.

F = Frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða. Skoðunarmaður metur umfang og alvarleika athugasemdar og metur frest til úrbóta út frá gefnum forsendum.

A = Alvarlegt frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur alvarlega frá ákvæðum laga, reglugerða, rekstrarleyfis eða þegar augljós hættu á slysasleppingu er fyrir hendi. Úrbótum skal ljúka að hámarki innan 7 virkra daga, en ef athugasemdin gefur tilefni til, er gripið til þvingunarúrræða strax. Athugasemdin krefst að jafnaði skjótrar eftirfylgni.

Eftirfylgni-, þvingunaraðgerðir:

Ef athugasemd sem fékk LS eða sambærileg er aftur til staðar í næstu skoðun, fær athugasemdin dæminguna F. Verklag eftirlitsmanna MAST er sem hér segir, þegar úrbætur eru ekki gerðar innan tilskilinnna fresta.

Athugasemd með F dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Úrbótum skal ljúka fyrir tilskilinn frest sem fram kemur í skoðunarskýrslu. Frestur til úrbóta er að hámarki 3 mánuðir, nema að um verulega umfangsmiklar framkvæmdir sé að ræða.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Veita má viðbótarfrest til úrbóta til skamms tíma, þó að hámarki 1 mánuð. Skoðunaratriði fær enn dóminn F en jafnframt er dæmt A í skoðunaratriði 6.1. Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli - lög nr. 71/2008)
- Heimsókn 3 – eftirfylgni: Skoðunaratriði fær dóminn F en dæmt er A í 6.1. Veittur er frestur lengst til 7 daga, andmælaréttur er veittur á vettvangi. Eftir það fær stjórnarsýslusvið MAST skoðunarskýrsluna og þvingunar-eftirfylgniferill (VRF-022) tekur við.

Athugasemd með A-dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Veittur frestur til úrbóta er lengstur 7 dagar, eða ef við á, fær stjórnarsýslusvið MAST skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli – lög nr. 71/2008). Andmælaréttur er veittur á vettvangi.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Skoðunaratriði fær dóminn A og jafnframt er dæmt A í skoðunaratriði 6.1. Stjórnarsýslusvið MAST fær skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Stjórnarsýslusvið MAST fylgir eftir skoðunarskýrslu vegna endurkomu og sem inniheldur dóminn A í 6.1. Stjórnarsýslusviðið stýrir framkvæmd þvingunar. Stjórnanda er kynnt ákvörðun um þvingunaraðgerðir. Mál sem komast á þetta stig fá síðan lögformlega meðhöndlun hjá MAST. [VRF-022]

Þvingunaraðgerðir geta t.d. verið:

- Dagsektir
- Úrbætur á kostnað rekstrarleyfishafa
- Afturköllun rekstrarleyfis